

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Reyðarfirði Reyðarfirði



Dags eftirlits	15.12.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Hjallaleiru 12	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Gíslason	Staðsetning	724227,412 511820,289

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Allmörg frávík eru staðfest, enda hefur athafnasvæði fyrirtækisins verið opið, en ómannað í nokkra mánuði.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Helga Hreinsdóttir

Af hálfu eftirlitsaðila hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að sinna reglubundnu eftirliti, en ekki hefur náðst í fulltrúa fyrirtækisins fyrr en nú í desember.

Hjá fyrirtækinu hafa orðið breytingar varðandi eignarhald og nafn fyrirtækisins er nú aftur Hringrás hf., en ekki GMR 2. Ekki hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi eða um að starfsemin verði flutt á annað nafn.

Á fundi með fulltrúum fyrirtækisins kom fram að mikið verðfall hefur orðið á málum og fyrirtækið hefur fækkað starfsmönnum. Enginn fastur starfsmaður hefur verið á starfsstöðinni á Reyðarfirði í allmarga mánuði. Hlið að aðstöðunni hefur verið opnað að morgni og lokað að kvöldi en enginn hefur tekið á móti viðskiptavinum, afhent kvittanir fyrir skilum á efnum eða leiðbeint um meðferð efnis. Aðilar eru sammála um að ofangreint er ekki forsvaranlegt. Á fundinum kynntu fulltrúar fyrirtækisins hugmyndir að lausnum, en þær eru ekki fullunnar.

Við skoðun á vettvangi var mikið af spilliefnum í geymsluskemmum, en einnig aðrir hlutir sem ekki þarf að geyma á þurru svæði. Olíufni, rafgeymar, ljósaperur og fleiri spilliefni voru í geymsluskemmum auk málma og vélarhluta og ekki nokkurt skipulag að sjá, hvorki varðandi geymslu efna á réttum svæðum m.t.t. fráveitulagna né heldur að hafa samskonar efni á einum stað. Enn var farið yfir lagnateikningar fyrirtækisins. Ekki var litið ofan í brunna og skiljur, að hluta til var farg á lokum þeirra.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 1.1 Rekstaraðili	Rekstaraðili er annar en fram kemur á starfsleyfi sem birt er á heimasíðu Umhverfisstofnunar skv. Breytingu sem gerð var 5.7.2015.
Gr. 1.2 Umfang starfsemi	Engar skýrslur eða skráningar voru aðgengilegar eða hafa verið sendar til eftirlitsaðila, þannig að unnt væri að meta umfang starfseminnar á liðnu ári

Gr. 2.2 Magn spilliefna á svæðinu

Mikið af spilliefnum var í geymsluskemmu, ekki voru ummerki um flokkun eða undirbúning efnaflokka til flutnings,

Gr. 2.5 Fráveita

Á steypu gólfi geymsluskemmunnar var efnum ekki þannig fyrirkomið að leki frá olíuefnum myndi berast í olíuskilju og þurngmálmur o.þ.h. í lokaða söfnunarþró.

Gr. 3.1 Skráningar

Engar skráningar voru fyrirleggjandi og skýrsla þar um var ekki send til Umhverfisstofnunar fyrir 1.3.2016.

Gr. 3.2 Eftirlitsmælingar

Ekki hafa verið tekin sýni af frárennslisvatni úr söfnunarþró eða oliuskiljum á árinu 2016.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

13.01.2017



Sigríður Kristjánsdóttir